

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Hunda- og kattaeyndur sem búsettir eru á Fljótsdalshéraði, skulu greiða leyfisgjöld, sbr. 11. gr. í samþykkt um kattahald og gæludýrahald annarra en hunda í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 912/2015 og 12. gr. í samþykkt um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 933/2015.

2. gr.

Af hundum skal innheimta leyfisgjald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 933/2015, að upphæð kr. 14.000 á hvern hund. Gjald greiðist á gjalddaga 1. febrúar en eindagi er 28. febrúar ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Af köttum skal innheimta leyfisgjald, sbr. 11. gr. samþykktar nr. 912/2015, að upphæð kr. 9.500 á hvern kött. Gjald greiðist á gjalddaga 1. febrúar en eindagi er 28. febrúar ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt nr. 933/2015 og samþykkt nr. 912/2015, á Fljótsdalshéraði.

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

4. gr.

Handsömunargjald skv. 12. gr. samþykktar nr. 933/2015 er kr. 16.000.

Þurfi að vista hund yfir nótt skal að auki greiða vörslugjald kr. 5.300 fyrir hverja nótt.

Ef til aflifunar hunds kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað. Ef hundur var ekki ormahreinsaður í síðustu skipulögðu ormahreinsun fyrir handsömun, eða síðar af dýralækni, skal láta ormahreinsa hundinn áður en hann er afhentur eiganda og skal eigandi greiða útlagðan kostnað vegna hreinsunarinnar.

5. gr.

Handsömunargjald, skv. 11. gr. samþykktar nr. 912/2015 er kr. 16.000.

Þurfi að vista kött yfir nótt skal að auki greiða vörslugjald kr. 5.300 fyrir hverja nótt.

Ef til aflifunar kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað. Ef köttur var ekki ormahreinsaður í síðustu skipulögðu ormahreinsun fyrir handsömun, eða síðar af dýralækni, skal láta ormahreinsa köttinn áður en hann er afhentur eiganda og skal eigandi greiða útlagðan kostnað vegna hreinsunarinnar.

6. gr.

Ofangreind gjaldskrá er sett með vísun til heimilda í samþykktum um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 933/2015 og samþykkt um kattahald og gæludýrahald annarra en hunda í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 912/2015 og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum, um holl-

ustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Við staðfestingu gjaldskrár þessarar fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1238/2012 fyrir hunda- og kattahald hjá sveitarfélaginu. Gjaldskráin var samþykkt af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 6. apríl 2016.

Egilsstöðum, 7. apríl 2016.

Björn Ingimarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. apríl 2016